



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um aðgerðir til að bæta íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. febrúar 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt aðgerðaáætlun 2021-2024, dags. 4. febrúar 2021:

Skóla- og frístundaráð leggur til aðgerðir til að bæta íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku. Fjármagn til íslenskukennslu þessa hóps í grunnskólum verður hækkað í 130 þúsund krónur á hvern nemanda að meðaltali en jafnframt verður aukin kennslufræðileg ráðgjöf og stuðningur Miðju máls og læsis við kennara og starfsfólk á vettvangi. Sérstök áhersla verði lögð á að bæta móttöku nýrra nemenda með annað móðurmál en íslensku með því að setja á fót tvö íslenskuver sem hafi það meginhlutverk að tryggja þessum nemendum markvissa íslenskukennslu á fyrstu mánuðum þeirra í reykvíska skólaumhverfi. Þá verður aukið vægi brúarsmiða til að styrkja tengsl nemenda og forráðamanna þeirra við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Loks verði auknu fjármagni varið í fjölmenningarlegt leikskólastarf. Alls verði varið til þessara aðgerða 143 m. kr. á ári næstu þrjú árin, eða 429 m. kr. í heild á tímabilinu.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Tillagan byggir á samþykki borgarstjórnar frá því í desember 2020 og er því innan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ný aðgerðaáætlun í málefnum barna með annað móðurmál en íslensku leggur áherslu á að efla til muna íslenskukunnáttu þessa hóps. Með henni er lögð rík áhersla á að jafna tækifæri þessara barna og jafnaldra þeirra til menntunar enda er íslenskufærni grundvallaratriði varðandi lýðræðislega þátttöku og jafnrétti í skóla- og frístundastarfi og samfélaginu öllu. Aðgerðirnar fela í sér aukið fé í íslenskukennslu í grunnskólum, markvissari íslenskukennslu barna sem koma ný inn í reykvíska grunnskóla, aukna kennslufræðilega ráðgjöf og stuðning við kennara í íslensku sem öðru tungumáli,

fjölgun brúarsmiða sem sinna tengslum við foreldra og fjölskyldur barnanna og aukið framlag í fjölmenningslegu leikskólastarfi þar sem framlögin hafa næstum þrefaldast frá 2017. Framlög til íslenskukennslu hækka um tæpan helming eða 143 milljónir á ári næstu þrjú árin eða 429 milljónir króna alls.

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra og kennara í grunnskólum lögðu fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar Félags skólastjórnaenda í Reykjavík og Kennarafélags Reykjavíkur fagna auknu fjármagni inn í það verkefni að bæta íslenskukennslu barna með annað móðurmál en íslensku, enda algerlega ljóst að lyfta þarf grettistaki í þeim málaflokki. Fulltrúar vilja áréttta mikilvægi þess að fjármagnið rati inn í heimaskóla nemendanna og skólastjórnaendur og kennarar þar verði í aðalhlutverki þegar kemur að vinnu með nemendum. Miðja máls og læsis hefur sannað sig sem stuðningsaðili við skóla í málaflokknum en lykillingurinn að árangri liggur í þeim krafti sem felst í mannauði hvers skóla og því líka að þessir nemendur fái stuðning inn í sinn heimaskóla.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum lögðu fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna fagnar því að auka eigi stuðning við fjöltyngd börn strax á leikskólastigi enda leggur leikskóladvölin grunn að vellíðan barna og góðri skólagöngu síðar meir. Jákvætt er að lögð sé sérstök áhersla á góð samskipti við foreldra fjöltyngdra barna frá upphafi leikskólagöngu en stundum hefur brunnið við að foreldrar að erlendum uppruna hafi ekki aðgang að sömu upplýsingum um leikskólastarfið og foreldrar sem tala íslensku. Verkefnið leggur nokkra vinnu á starfsfólk leikskóla og tryggja þarf að þau hafi tíma og stuðning til að sinna þessum verkefnum vel.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Aðgerðaráætlun 2021 - 2024, dags. 4. febrúar 2021



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Aðgerðaáætlun 2021-2014. Fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf – fjöltyngd börn í skóla- og frístundastarfi

Árið 2014 var stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf, *Heimurinn er hér*, samþykkt. Á árinu 2015 voru samþykktar tillögur fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings þar sem m.a. var lagt til að sett yrði á fót miðstöð fræðslu og kennsluráðgjafar á sviði málþroska og læsis. Í kjölfar þessa hefur eftirfarandi gerst í málaflokknum:

- Ráðning á verkefnastjóra fjölmenningar í grunnskóla og frístundastarf
- Miðja máls og læsis stofnuð þar sem starfa kennsluráðgjafar með sérþekkingu í móttöku og kennslu í íslensku sem öðru máli
- Ráðning á brúarsmiðum, eitt stöðugildi filippseyskumælandi brúarsmiðs, 60% staða pólskumælandi brúarsmiðs og 40% staða arabískumælandi brúarsmiðs
- Milli mála málkönnunarpróf tekið til notkunar og úthlutunarreglum fjármagns breytt
- Miðlægur pottur vegna túlkajónustu stofnaður fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar
- Úthlutun fjármagns vegna kennslu í íslensku sem öðru máli hækkaði úr 70 milljónum árið 2015 þar sem úthlutað var til 1500 nemenda í 190 milljónir 2017 til 2100 nemenda
- Úthlutun fjármagns vegna fjöltyngdra barna í leikskólum fór úr 39 milljónum í 92 milljónir árið 2017 í kjölfar djúpgreiningar. Fjármagnið skiptist þannig að allir leikskólar með 15 börn eða fleiri fengu 1.33% af stöðuhlutfalli (talið frá fyrsta barni) en allir leikskólar með 15 börn eða færri fengu úthlutað 38.000 kr. fyrir hvert barn. Árið 2018 var 92 milljónum úthlutað vegna 1304 fjöltyngdra barna
- Gjaldfrjáls frístund í 3 mánuði fyrir börn í 1. – 4.bekk sem eru nýkomin til landsins

Árið 2018 var *Velkomin – skýrsla starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarfi* samþykkt og voru eftirfarandi verkefni innleidd:

- Úthlutun fjármagns vegna kennslu í íslensku sem öðru máli hækkar um tæplega helming, fjármagnið fór úr 190 milljónum í 279 milljónir
- Ráðning kennsluráðgjafa til Miðju máls og læsis sem heldur utan um innleiðingu á sænska matstækinu

- *Velkomin í hverfið þitt*, ný móttökuáætlun í grunnskólum sem fulltrúar frístundastarfs og þjónustumiðstöðvar koma að til að efla heildræna móttöku nýrra fjölskyldna
- Stoðdeildin Birta stofnuð fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd í 3. – 10. bekk og sækja þau nám við Álftamýrarskóla
- Sumarnámskeið fyrir nýkomin börn þar sem áhersla var lögð á kennslu íslensku sem annars máls og samfélagsfræðslu „Lært í gegnum leikinn“ var í boði í fyrsta sinn sumarið 2020 fyrir tilstilli fjármagns um atvinnuáttaksverkefni

Aðgerðaáætlun 2021 - 2024

Í desember 2020 lagði skóla- og frístundasvið til eftirfarandi tillögu sem var samþykkt í fjárhagsáætlun 2021, þ.e. að bæta við 143 milljónum króna sem skiptist með eftirfarandi hætti:

1. Úthlutunarpottur til grunnskóla hækkaður þannig að 130.000 kr. fari til hvers nemanda með annað móðurmál en íslensku (íslensku2), að meðaltali
2. Hækka fjármagn um 10 milljónir í úthlutunarpott leikskóla til að viðhalda viðmiði um 1,33% af stöðuhlutfalli fyrir leikskóla með 15 börn eða fleiri
3. 1 stöðugildi til Miðju máls og læsis sem metur nemendur samkvæmt sænska matstækinu og veitir ráðgjöf til skóla um framkvæmd íslensku2
4. 1 stöðugildi brúarsmiðs
5. 5 - 6 stöðugildi kennara og starfsmanna samtals í tveimur íslenskuverum

Í neðangreindri greinargerð er útlistað hvaða aðgerðir verða settar af stað til næstu þriggja ára en þær byggja á stefnu skóla- og frístundasviðs *Heimurinn er hér*, þar sem áherslan er á þrjár meginstoðir:

1. Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir
2. Íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi
3. Foreldrasamstarf

Meginmarkmið stefnunnar eru:

- Að koma til móts við þarfir allra barna með því að þróa fjölbreytta kennslu- og starfshætti
- Að öll börn nái árangri í íslensku enda er hæfni í íslensku meginforsenda lýðræðislegrar þátttöku og jafnréttis í íslensku samfélagi
- Að öll fjöltyngd börn þrói með sér virkt tví-/fjöltyngi, þ.e. öðlist færni til að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku
- Hafa frumkvæði að samstarfi við foreldra og þróa lausnamiðaðar og sveigjanlegar leiðir til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla geti orðið hindrun í samstarfi

Skilgreining á fjöltyngdum börnum og þjónustupörf

Þjónusta við fjöltyngd börn og fjölskyldur þeirra þarf að taka mið af þeim fjölbreytta hópi barna sem koma í þjónustu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs. Hér er hópnum gróflega skipt upp í þrjá hópa:

1. Fjöltyngd börn sem eru fædd á Íslandi: Fjöltyngd börn sem alast upp í íslensku málumhverfi og hafa fjölbreytt heimamál. Þarna þarf sérstaklega að styðja við og styrkja öll mál í umhverfi barnanna með sérstakri áherslu á íslensku en engu að síður að virða heimamálið og hvetja til þess að þau viðhaldi því.

2. Nýir Íslendingar: Börn sem eru fædd erlendis, flytja til Íslands á ólíkum aldri og eru að læra íslensku sem annað mál. Börn sem fæðast á Íslandi og umgangast tvö eða fleiri tungumál frá fyrstu árum tileinka sér það sem kallast samtíða fjöltyngi (e. simultaneous bilingualism). Börn sem flytja til Íslands eftir fyrsta máltökuskeiðið (stundum skilgreint sem fjögurra ára aldur) og bæta íslenskunni við læra hana sem annað mál, en það ferli kallast raðbundið tvítyngi (e. sequential bilingualism). Fjöltyngd börn sem nota íslensku daglega ásamt öðrum tungumálum hafa eðlilega mismunandi færni í þeim, en það er nauðsynlegt að gera háar kröfur til málnotkunar þeirra og að gefa þeim skýr, jákvæð og uppbyggjandi skilaboð um framfarir þeirra og markmið. Markmið í kennslu barna með íslensku sem annað (móður)mál eru að þau nái aldurstengdum viðmiðum í íslensku innan hæfilegs tíma, samkvæmt námskrá í íslensku sem öðru máli. Grundvallaratriði er að þau fái góðan faglegan stuðning eftir þörfum alveg frá ungaaltri eða strax og þau koma til landsins þannig að þau eigi jafna möguleika og jafnaldrar með íslensku sem móðurmál á áframhaldandi námi og velgengni í íslensku samfélagi (Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla og frístundastarfi, 2020).
3. Börn sem hafa hlotið stöðu flóttafólks: Í þessum hópi barna geta verið börn sem falla undir flokk tvö en þurfa sérstakan stuðning. Börn á grunnskólaaltri hafa oftast nær mjög rofna skólagöngu og þarf því enn meira að hlúa að stöðu þeirra bæði námslega og félagslega.

Foreldrasamstarf í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi

Líklega hafa engir einstakir þættir meiri áhrif á nám og líðan barna en viðhorf og stuðningur foreldra þeirra. Til eru rannsóknir sem sýna að allt að 70% af þeim þáttum sem hafa áhrif á námsárangur barns liggja utan við skólann. Hjá yngri börnum eru áhrifaþættirnir fyrst og fremst viðhorf, væntingar og stuðningur foreldra. Þess vegna er afar mikilvægt að skólinn finni leiðir sem veita öllum foreldrum tækifæri til að eiga hlutdeild í námi barna sinna. Þetta á ekki síst við um foreldra sem eiga rætur í ólíkri menningu og geta því fundið til vanmáttar gagnvart íslensku skólakerfi og námi barna sinna (Heimurinn er hér, 2014). Við upphaf leikskólagöngu barna eru foreldrar upplýstir um hlutverk, ábyrgð og skyldur þar sem áhersla er lögð á mikilvægi foreldrasamstarfs. Í grunnskóla og frístundastarfi er gott samstarf heimilis og skóla jafn mikilvægt og því þarf að ræða um væntingar og skyldur foreldra til náms og velferðar barna sinna. Hlutverk foreldra þarf að vera skýrt þar sem sérstaklega er rætt um hvernig þeir styðji börnin sín í að læra íslensku samhliða því að viðhalda heimamáli. Mikilvægt er að foreldrum af erlendum uppruna sé kynnt íslenskt skólustarfi og hlutverk foreldra í skólustarfi barna sinna.

Miðja máls og læsis og fagskrifstofur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs bjóða upp á ráðgjöf og fræðslu fyrir foreldra um íslenskt skólakerfi og hvernig styðja má börn í námi á íslensku, auk þess hvernig best sé að efla orðaforða í nýju tungumáli. Foreldrar fá sérstakan stuðning frá brúarsmiðum Miðju máls og læsis sem bjóða upp á viðtalstíma og koma inn á fundi í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Einnig halda brúarsmiðir úti Facebook-síðum á ýmsum tungumálum þar sem birtar eru upplýsingar um skólustarfið og hvernig best er að styðja börnin í námi. Á heimasíðu Miðju máls og læsis og á foreldravef SFS er einnig að finna fjölbreytt efni sem nýtist foreldrum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi.

Móttaka, aðlögun og nám fjöltyngdra barna í leikskólum

Þegar barn byrjar í leikskóla er mikilvægt að mynda strax góð tengsl á milli leikskólans og heimilis. Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grundvöllur þess að barninu líði vel og að það fái notið sín. Leikskólar fylgja móttökuáætlun (staðlað form - byggt á *Velkomin í hverfið þitt*) þar sem farið er yfir málumhverfi barnsins, væntingar foreldra o.fl. og foreldrar fá upplýsingar um leikskólafarið, málörvun o.fl. í fyrsta viðtali. Grunnur er lagður að foreldrasamstarfi strax í byrjun og mikilvægt að skapa gagnkvæma virðingu og traust í samskiptum strax frá byrjun. Leikskólinn veitir foreldrum jafnframt upplýsingar og fræðsluefni meðal annars um hvernig þeir geti stutt við bæði heimamál barna sinna og íslensku. Sænska stöðumatíð er lagt fyrir fjögurra ára börn og eldri. Innleiðingin verður í tveimur áföngum. Í fyrsta áfanga, 2021, verður spurningum bætt inn í móttökuvíðtal þar sem bakgrunnsupplýsingar barnsins eru dýpkaðar með því að afla upplýsinga um m.a. málþroska, fyrri leikskólagöngu, félagslega stöðu, styrkleika/áhugamál og væntingar foreldra. Í seinni áfanga, 2022-2024, verða þættir stöðumatsins *Könnum málið* og *Könnum stærðfræðina* innleidd sem innihalda verkefni sem lögð eru fyrir allan elsta barnahópinn á íslensku.

Eftir fyrsta viðtal er útbúin einstaklingsáætlun fyrir barnið byggð á upplýsingum úr móttökuvíðtali og sænska stöðumatinu fyrir börn fjögurra ára og eldri. Efni og leiðir til þess að vinna einstaklingsáætlunina er miðlægt, svo sem hæfniramar. Innleiðing á verkefninu *Gefðu 10* verður fyrir öll börn sem eru ný í íslensku málumhverfi og fyrir börn sem þurfa markvissa málörvun. Leikskólafararfolk er hvatt til þess að útbúa samskiptabók eða eitthvað sambærilegt þegar barn byrjar í leikskólanum. Upplýsingar um vinfjölskylduverkefni verða aðgengilegar þar sem gerð er grein fyrir mikilvægi þess að styðja við félagsleg tengsl barna og fjölskyldna.

Leikskólar skila inn niðurstöðum úr Orðaskil fyrir öll fjöltyngd þriggja ára börn (mögulega skipt yfir í annað matstæki ef nýtt og hentugra matstæki verður tekið í notkun) ásamt niðurstöðum úr Hljóm-2 fyrir öll elstu börn í leikskóla. Grunnskólinn skilar niðurstöðum til leikskóla úr Lesferli (lesskimun í 1. bekk að hausti, áður Leið til læsis). Leikskólinn nýtir niðurstöðurnar til þess að meta og bæta leikskólafarið.

Skil á milli skólastiga - úr leikskóla í grunnskóla

Skilafundur milli leikskóla og grunnskóla og frístundar rammaðir inn samkvæmt núverandi verklagi um móttöku og aðlögun barna milli leikskóla og yfir í grunnskóla og frístundastarf. Leikskólinn skilar niðurstöðum úr Hljóm-2 og stöðu í íslensku til grunnskólans sem nýtir niðurstöður. Að hausti skilar grunnskólinn niðurstöðum lesskimunnar í 1. bekk til leikskóla svo bæta megi skólafarið. Frístundaheimili skila einnig mati til leikskóla um félagsfærni og sjálfsefningu. Heildarniðurstöður úr lesskimun og mati á félagsfærni og sjálfsefningu eru kynntar fyrir leikskólanum.

Móttaka, aðlögun og kennsla fjöltyngdra barna í grunnskólum

Þegar fjöltyngd börn hefja nám í grunnskólum Reykjavíkur hefst það með skráningu í sinn hverfisskóla. Um er að ræða tvo hópa barna, annars vegar fjöltyngd börn sem koma úr leikskóla eða úr öðrum grunnskóla og hins vegar eru það börn sem nýkomin eru til landsins. Stjórnandi hverfisskólans tilkynnir skráningu annað hvort til umsjónarkennara og kennara í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT) í viðkomandi skóla (börn sem koma úr leikskóla eða úr öðrum grunnskóla) eða til íslenskuvers (börn sem nýkomin eru til landsins) í viðkomandi hverfi.

Þegar um er að ræða fjöltyngt barn sem búið hefur lengi á landinu eða er fætt á Íslandi og hefur þ.a.l. verið í leikskóla og/eða öðrum grunnskóla fylgir það jafnöldrum sínum í námi en fær stuðning í ÍSAT og er sú kennsla miðuð við þarfir hvers og eins. Niðurstöður úr Hljóm2 fylgja öllum börnum frá leikskóla. Þegar barn er að koma úr öðrum grunnskóla þarf að kalla

eftir niðurstöðum Milli mála prófsins frá fyrri skóla. Hljómniðurstöður og niðurstöður úr Milli mála skal hafa til hliðsjónar við gerð kennsluáætlunar. Milli mála prófið er lagt fyrir öll börn í 1. bekk, sem er svo endurtekið í 4, 7. og 9. bekk. Niðurstöður skal ávallt kynna fyrir öllum kennurum sem að barninu koma og fyrir foreldrum. Niðurstöður Milli mála skal nota til hliðsjónar við gerð kennsluáætlunar fyrir nemendur í ÍSAT.

Þegar barn er nýkomið til landsins er það skráð í sinn hverfisskóla. Börn í 1. og 2. bekk fylgja jafnöldrum sínum í hverfisskóla og fá stuðning í íslensku sem öðru tungumáli og er sú kennsla miðuð við þarfir hvers og eins. Börn í 3. til 10. bekk fara í íslenskuver í því hverfi sem þau búa. Börnin geta verið í íslenskuveri í 3-9 mánuði en eru alltaf skráðir nemendur í sinn hverfisskóla og tengjast honum og frístundastarfi þar frá fyrsta degi. Því þarf að skipuleggja nám þeirra í íslenskuveri í samvinnu við umsjónarkennara þess bekkjar sem tekur við þeim í hverfisskólanum.

Móttökuáætlun grunnskóla Reykjavíkur skal fylgt en fyrstu skref hennar byggja á móttökuvíðtali *Velkomin í hverfið þitt* og stöðumati sem lagt er fyrir börn fljótlega eftir komuna til landsins. Efir að niðurstöður liggja fyrir er áætlun útbúin, henni fylgt eftir fyrstu mánuðina og hún endurskoðuð reglulega út frá framförum barnsins. Niðurstöður eru kynntar öllum kennurum sem að barninu koma. Foreldrar eru upplýstir um niðurstöður og þeim veitt ráðgjöf, þau frædd um íslenskt skólakerfi, hvernig styðja má börn sín í námi og efla nýja málið. Markmið eru sett um nám í íslensku, menningarfærni og fyrir aðrar námsgreinar í samvinnu við umsjónarkennara í hverfisskóla. Framfarir í íslensku eru metnar með viðurkenndum matsrömmum. Tengsl við hverfisskólann eru aukin jafnt og þétt. Í fyrstu fara börnin hluta úr degi einu sinni í viku í hverfisskóla (sjá drög í fylgiskjali). Með tímanum fjölgar tímum þar til endanlegur flutningur á sér stað. Það verður þegar barnið hefur náð tiltekinni færni í íslensku miðað við markmið og matslista. Vinnubrögð *Gefðu 10* þarf markvisst að nota fyrir börn sem eru ný í íslensku málumhverfi og fyrir börn sem þurfa markvissa málörvun. Það er hlutverk allra sem starfa í grunnskólanum að styðja sérstaklega og eiga reglulega uppbyggileg samtöl við þau börn.

Móttaka, aðlögun og vinna með fjöltyngdum börnum í frístundastarfi

Þegar börn ljúka leikskóla er lögð áhersla á yfirfærslufundi milli skólastiga þar sem m.a. frístundastarfið er kynnt fyrir foreldrum og lögð áhersla á að lengja viðveru barna í íslensku málumhverfi. Félagsfærni og sjálfefling er mikilvægur þáttur í velferð barna og forgangsatriði menntastefnu Reykjavíkur og frístundastarfið leggur áherslu á það. Starfsmenn frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva útbúa einstaklingsáætlun fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning. Fyrir börn sem eru nýkomin til landsins er kynning á mikilvægi frístundastarfs hluti af móttökuáætluninni *Velkomin í hverfið þitt*. Verkefnið *Okeypis frístund* er í boði fyrir öll börn með annað móðurmál en íslensku í 1. - 4. bekk þar sem gjaldfrjáls dvöl í frístundaheimili er í þrjá mánuði. Einnig er öllum börnum sem hafa búið skemur en tvö ár á Íslandi boðið upp á þrjár vikur gjaldfrjálsar í sumarstarfi frístundamiðstöðva. Vinnubrögð *Gefðu 10* þarf markvisst að nota fyrir börn sem eru ný í íslensku málumhverfi og fyrir börn sem þurfa markvissa málörvun. Einnig skulu frístundaheimili styðja við markvissa málörvun í gegnum lestur þar sem sérstaklega er horft til barna sem eru að læra íslensku sem annað mál og nýflutt til landsins. Á vettvangi frítímans gefst tækifæri til að efla og styrkja félagsfærni og sjálfeflingu þar sem fjöltyngd börn getað notið sín og unnið með styrkleika sína. Í gegnum frístundastarfið fá börn þjálfun í félagslegum samskiptum og efla íslenskukunnáttu sína. Með því styrkja þau félagstengsl sín við jafnaldra sína.

Stuðningur skóla- og frístundasviðs við skóla- og frístundastarf

Fagskrifstofur skóla- og frístundasviðs, sem eru fagskrifstofur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs, NýMið, Miðja máls og læsis og Miðstöð útivistar og útináms, veita markvissan stuðning við skóla- og frístundastarf. Þar er veitt ráðgjöf og fræðsla um kennslu- og starfshætti sem byggja á aðferðum sem rannsóknir sýna að beri árangur. Stuðningur er veittur við starfsfólk og handleiðsla um markvissar leiðir. Árlega er boðið upp á fræðslu og námskeið um fjölmenningu, ólík menningarsamfélög og kennslu- og starfshætti með fjöltyngdum börnum. Það á bæði við um kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, kennslu fjöltyngdra barnahópa og vinnu í fjölmenningarlegu samfélagi. Einnig er boðið upp á námssamfélög kennara og starfsfólks þar sem rýnt er í áskoranir og þeim fylgt með vel rannsökuðum lausnum. Miðja máls og læsis heldur úti heimasíðu þar sem finna má allt það efni sem skólar og frístundastarf þurfa að nota varðandi Stöðumat, Milli mála, úrræði út frá niðurstöðum o.fl.

Ráðning verkefnastjóra og brúarsmiða

Ráðinn verður verkefnastjóri í Miðju máls og læsis vegna sænska stöðumatsins. Hlutverk hans verður að sinna stöðumati í leikskólum og grunnskólum og aðstoða við gerð námsáætlana ásamt því að veita ráðgjöf og fræðslu.

Aukið verður hlutfall brúarsmiða um eitt stöðugildi. Áætlað er að pólskumælandi brúarsmiður verði í 100% starfi og arabískumælandi brúarsmiður verði í 100% starfi.

Málstefna starfsstaða skóla- og frístundasviðs

Hvaða tungumál eru töluð í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur? Hvaða tungumál tala börnin? Er íslenska sterkasta tungumál alls starfsfólks? Það er ljóst að hjá skóla- og frístundasviði starfar fjöldi fólks sem er af erlendum uppruna og er að læra íslensku. Á skólaárinu 2020-2021 eru yfir fjögur þúsund fjöltyngd börn í skólum og frístundastarfi. Það er því mikilvægt að á öllum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs sé mótuð málstefna um það hvernig við mætum fjölbreyttum tungumálum í lífi og starfi starfsfólks og barna og eflum íslenskuna. Málstefnuna þarf að byggja á málstefnu borgarinnar og málstefnu ríkisins „Íslenska til alls“. Miðja máls og læsis veitir starfsstöðum skóla- og frístundasviðs stuðning og ráðgjöf við mótun málstefnu. Innleiðing málstefnu skóla- og frístundasviðs hefst á vorönn 2021 og verður henni lokið þegar starfsstöðvar hafa mótað og innleitt þá stefnu.